


Skipulags- og byggingarfulltrúi

Norðurhelli 2

221 Hafnarfjörður



Hafnarfirði, 29. Maí 2017

Efni: Bílastæði á lóð Hverfisgötu 14

Ég vísa til umsóknar minnar frá nóvember 2016 varðandi ofangreint, sem mér þætti vænt um að fengi nú afgreiðslu án tafa, þar sem hálf ár er nú liðið.

Til frekari stuðnings umsókninni má nefna að þannig háttar til með bílaumferð sem kemur niður Hraunstíg inn á Hverfisgötu, að þar er afar lítið svigrúm til beygjunnar sem þörf er á og hætta á að bifreiðar á þeirri leið lendi á kyrrstæðum bílum, sem standa á þeim hluta Hverfisgötu, þar sem innkeyrsla í bílastæðið sem sótt er um yrði. Úr þeirri hættu yrði dregið með því að koma bílastæðinu fyrir. Þá væri bílastæðið skref í umhverfisvæna átt með því að þá gefst tækifæri á að tengja bifreiðir tilheyrandi húsinu í rafmagn.

Eins meters færsla lóðamarka inná lóð Hverfisgötu 12, sem nefnd er í umsókninni, er ekki úrslitaatriði að sinni, duga mundi líkast til 0,5 – 0,7 metra færsla markanna, eða leyfi til að bílhurð megi teygja sig 0,5 – 0,7 metra inn á lóð Hverfisgötu 12 og væri það ásættanlegt ef hentara þykir af yðar hálfu.

Móttaka þessa bréfs óskast staðfest.

Virðingarfyllst,

Guðrún B. Þórsdóttir

Kt. 030848-3309

Hverfisgötu 14

220 Hafnarfirði